

– HEIÐARSKÓLI –



Skólanámskrá Leik- og
grunnskóla Hvalfjarðarsveitar –
Seinni hluti Heiðarskóla

Efnisyfirlit

6.	Kafli – Nám og kennsla í Heiðarskóla	5
6.1	Skipulag kennslu.....	5
6.2	Kennsluaðferðir	7
6.2.1	Leiðsagnarnám – leiðsagnarmat	7
6.2.2	Byrjendalæsi.....	8
6.2.3	Læsi fyrir lífið	8
6.2.4	Þemanám	9
6.3	Námsáætlanir.....	9
6.4	Námsgögn	9
6.5	Heimanám.....	10
6.6	Námsmat	10
7.	Kafli – Markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár.....	16
7.1	Markmið náms og námsgrunnur	16
7.2	Grunnþættir menntunar	16
7.3	Lykilhæfni og hæfnimiðað nám.....	16
7.4	Kennsluhættir, þátttaka og stuðningur	17
7.5	Námsmat og stuðningur	17
7.6	Samstarf og skólasamfélag	17
7.7	Markmið Uppbyggingarstefnu frá 1. – 10. Bekk	17
7.8	Efling námstækni og námsvitundar	18
7.9	Umhverfismennt og útinám	20
7.9.1	Umhverfismennt	20
7.9.2	Útinám	22
7.9.3	Grænfáninn	22
7.9.4	Umhverfisnefnd	23
7.10	Stafræn hæfni og notkun spjaldtölva.....	23
8.	kafli – Nemendur	24
8.1	Fatnaður.....	24
8.2	Skólabragur	24
8.3	Skólareglur og agamál.....	25
9.	Kafli – Mat á árangri og gæðum	28
9.1	Tilgangur og meginviðmið	28

9.2	Skipulag og ábyrgð	28
9.3	Matsrammi og verkfæri	28
9.3.1	Skólapúlsinn	29
9.3.2	Matsferill	29
9.3.3	Starfsmannasamtöl	29
9.3.4	SVÓT greining	30
9.4	Ársferli og tímasetningar	31
9.5	Hlutdeild og lýðræði	31
9.6	Birting, persónuvernd og miðlun	31
9.7	Umbótaáætlun og árangursvísar.....	31
9.8	Tenging við ytra mat	32
10.	Kafli – Samstarf heimilis og skóla.....	33
10.1	Skráningakerfi skólans – fjölskylduvefur	33
10.2	Tölvusamskipti	34
10.3	Foreldrafélag	34
10.4	Viðtalsdagar	34
10.5	Starfskynningar.....	34
11.	Kafli – Samstarf við nærsamfélagið og aðra skóla	35
11.1	Nærsamfélagið	35
11.2	Samstarf við framhaldsskóla	35
11.3	Samstarf við Tónlistarskóla Akraness.....	36

6. Kafli – Nám og kennsla í Heiðarskóla



6.1 Skipulag kennslu

Við skipulag kennslu er haft að leiðarljósi að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og að mæta námsþörfum þeirra til að þeir tileinki sér þekkingu, leikni og jákvætt viðhorf svo þeir öðlist þá hæfni sem stefnt er að í námi. Lögð er áhersla á að koma til móts við börn á forsendum hvers og eins út frá þroska, persónugerð, hæfileikum, getu og áhugasviði. Viðfangsefni og verkefni eru valin af kostgæfni sem eru hæfilega krefjandi til að gera öllum nemendum kleift að ná hámarks námsárangri. Áhersla er á að gera börnum grein fyrir viðfangsefnum námssviða, markmiðum þeirra og leiðum til að uppfylla markmiðin í anda leiðsagnarnáms. Á grundvelli sameiginlegra gilda, virðing, vellíðan, samvinna og metnaður er skapað hvetjandi námsumhverfi þar sem notaðar eru fjölbreyttar og árangursríkar náms- og kennsluaðferðir.

Í Heiðarskóla er unnið samkvæmt hugmyndafræði um teymi og teymiskennslu. Stigum er skipt upp í teymi kennara sem bera sameiginlega ábyrgð á námi og kennslu hvers stigs. Samkennsla árganga er á öllum stigum og samvinna er um að að koma til móts við námsþarfir hvers barns. Starfsfólk er meðvitað um að „**það er ekki hlutverk skóla að kenna námsgreinar heldur að mennta nemendur og koma hverjum og einum til nokkurs þroska**“. *Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti 2025 kafli 8.4.*

Teymiskennsla er samvinna kennara sem bera sameiginlega ábyrgð og vinna sameiginlega út frá skilgreindum hæfni- og námsmarkmiðum og kennsluaðferðum. Lögð er áhersla á nemendur, nám þeirra og þroska auk þess sem reynt er að byggja upp og þróa innbyrðis samskipti og tengsl teymisins.

Teymiskennsla gefur kennurum tækifæri til að vinna saman að verkefnum í daglegu starfi og er ein leið til að ná betri árangri. Fagleg teymi gefa kennurum tækifæri til að þróa og læra í starfi, þau skapa fjölbreyttara námsumhverfi og nýjar bjargir, samræðu um kennslu og nám þar sem notaðar eru aðferðir starfendarannsókna. Slík teymi nálgast kennsluna á nýjan hátt, þar sem farið er dýpra í kennsluaðferðir og nám nemenda út frá þörfum þeirra. Kennarar í teyminum setja sér skýr markmið hvað varðar kennslu og nám og hvernig þau geti bætt starf sitt. Með

teymiskennslufyrirkomulagi er byggt á hugmyndum um lærdómssamfélagið þar sem allir sem koma að námshópum hafa rödd og möguleika til að taka þátt í stefnumótun, læra hver af öðrum og búa til nýja þekkingu í anda lærdómssamfélags.

Teymiskennsla getur verið útfærð með mismunandi hætti. Þannig geta teymi skipt með sér verkum, unnið saman þvert á námshópa stiga og svo getur teymiskennslan náð yfir fleiri en eina námsgrein með öllu eða að hluta. Samvinna innan teymis snýst fyrst og fremst um umbætur á skólastarfi í þágu aukins árangurs nemenda.

Í hverju teymi sitja starfsmenn hvers stigs fyrir sig auk þess sem list- og verkgreinakennurum og íþróttakennurum er skipt á teymin eftir þörfum hvers skólaárs. Teymisleiðtogi er starfandi á hverju stigi sem ber ábyrgð á vinnulagi/samvinnu teymisins.

Teymin eru sett upp með eftirfarandi hætti:

- Yngsta stigs teymi 1. - 4. bekkur
- Miðstigsteymi 5., 6. og 7. bekkur
- Unglingastigsteymi 8., 9. og 10. bekkur

Innan hvers teymis er nemendum svo skipt upp í námshópa eftir þörfum er taka mið af viðfangsefnum, fjölda barna í hverjum bekk, tímabilum o.fl.

Viðmiðunarstundaskrá

Námsgreinar – Námssvið	1.-4. bekkur	5. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur	Vikulegur kennslutími	Vikulegur kennslutími
	Heildartími í 1. - 4. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 5. - 7. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 8. - 10. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 1. - 10. bekk. Minútur á viku	Hlutfall
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	1.120	680	630	2.430	18,08%
Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	1.380	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	2.080	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	360	1.120	8,33%
Skólaíþróttir	480	360	360	1.200	8,93%
Samfélagsgreinar; trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1.540	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	2.000	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360	2,68%
Til ráðstöfunar /Val	300	160	870	1.330	9,90%
Alls	4.800	4.200	4.440	13.440	100%

6.2 Kennsluaðferðir



Samkvæmt aðalnámskrá skal meginhlutverk kennarans vera kennslu- og uppeldisfræðilegt starf með nemendum, að vekja og viðhalda áhuga þeirra á námi, veita þeim handleiðslu á sem fjölbreyttastan hátt og stuðla að góðum starfsanda og vinnufriði nemenda. Einnig að skapa frjóar og fjölbreytilegar námsaðstæður, sinna vandaðri kennslu sem lagar sig að þörfum einstakra nemenda og vinni að því að kennsla og uppeldi verði ekki aðgreind allt frá upphafi til loka grunnskóla.

Áhersla skal lögð á leikinn sem náms- og kennsluaðferð allra nemenda, ekki bara fyrir þá yngstu. Bernsku- og æskuárin hafa tilgang í sjálfu sér en eru ekki eingöngu undirbúningur frekara náms og starfa.

Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum hvað varðar námsumhverfi, námstilhögun, fyrirkomulag skólastarfs og aðrar ákvarðanir er snerta þá á framfæri með formlegum eða óformlegum hætti. Eftir fögum skal taka tillit til sjónarmiða þeirra.

6.2.1 Leiðsagnarnám – leiðsagnarmat

Í Aðalnámskrá grunnskóla segir að kennarar þurfi að hjálpa nemendum til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig miðar í átt að þeim. Leggja skuli áherslu á leiðsagnarmat þar sem nemendur velti reglulega fyrir sér náminu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skuli stefna. Nemendum þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.

Hugtökin leiðsagnarmat og leiðsagnarnám eru samofin og í skólanámskránni verður notast við hugtakið leiðsagnarnám til að undirstrika áhersluna á námið sjálft en sem tæki sem leiðir til leiðsagnarmats.

Formleg innleiðing leiðsagnarnáms hófst í skólanum skólaárið 2025-2026 en áður höfðu starfsmenn farið á einstaka námskeið í leiðsagnarnámi og mikil umræða í skólanum um aðferðafræðina fram að því. Leiðsagnarnám er aðferðarfræði sem miðar að því fylgjast með í námsferlinu sjálfu og nota niðurstöðurnar til að gera nauðsynlegar breytingar á náms- og kennsluháttum. Námsmenning sem einkennist af leiðsagnarnámi eflir námsvitund nemenda og eykur skilning þeirra á því hvernig þeir geta hagað námi sínu til að ná sem bestum árangri. Í þróunarstarfinu er markmiðið að starfsfólk skóla dýpki þekkingu sína á námsmenningu sem einkennist af leiðsagnarnámi og auki hæfni sína við að flétta áherslum leiðsagnarnáms inn í náms- og kennsluáætlanir og samþætta daglegum viðfangsefnum.

Lykilhugtak í leiðsagnarnámi er endurgjöf/leiðsögn í þeim tilgangi að nemandinn geti nýtt sér hana til að nálgast markmið sitt. Nemendur vita að hverju skal stefnt hverju sinni og hafa skýr viðmið um árangur t.d. með fyrirmyndaverkefnum og matskvörðum. Til að endurgjöfin beri árangur þarf námsmenningin að einkennast af trausti nemenda til kennara, ríkum væntingum kennara til allra nemenda, getublöndun, virkri samvinnu, viðurkenningu og skilningi á að mistök eru eðlilegur og mikilvægur hluti náms, vaxandi hugarfari og þrautseigju og skilningi nemenda á því hvernig nám fer fram. Í leiðsagnarnámi læra nemendur saman og hver af öðrum.

6.2.2 Byrjendalæsi

Í skólanum er unnið eftir námsskipulagi *Byrjendalæsis* á yngsta stigi. Byrjendalæsi sækir innblástur til kenninga um hugsmíðahyggju og nám án aðgreiningar þar sem gert er ráð fyrir að börn læri best í samfélagi jafningja, með samvinnu, stigskiptum stuðningi og hvers konar námsaðlögun sem auðveldar kennurum að koma til móts við ólíkar þarfir þeirra og áhugasvið. Unnið er með lestur, ritun, tal og hlustun á heildstæðan hátt og áhersla lögð á orðaforða og lesskilning. Viðfangsefni eru sótt í merkingarbæran texta og gjarnan í barnabækur. Mikið er lagt upp úr samvinnu nemenda og einstaklingsmiðun í kennslu.

Allir kennarar á yngsta stigi hafa lokið námi í Byrjendalæsi og er í skólanum starfandi leiðtogi sem heldur utan um Byrjendalæsiskenndluna, tryggir að vinnulagi sé fylgt, aðstoðar kennara og er tengiliður við MSHA (Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri) sem heldur utan um verkefnið og veitir bjargir.

6.2.3 Læsi fyrir lífið

Aðferðafræði *Læsi fyrir lífið* sem leitt er af Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri, miðar að því að efla læsiskennslu á mið- og unglingastigi með fjölbreyttum aðferðum. Í Læsi fyrir lífið eru samvirkar læsiskennsluaðferðir og samþætt vinna með orðaforða, lesskilning, lesfimi, ritun, samræðu, tjáningu og hlustun í skólastarfi í brennidepli. Markmiðið er að efla læsisfærni nemenda ár frá ári og að læsi fléttist inn í allt skólastarf þvert á námsgreinar. Lögð er áhersla á

fjölbreyttar og hagnýtar aðferðir sem rannsóknir hafa sýnt að séu árangursríkar í að efla læsi. Áhersla er lögð á að mæta þörfum nemenda þar sem þeir eru staddir námslega og stuðla að auknum áhuga, virkni og árangri þeirra. Í því felst að kennari skipuleggur námið á þann hátt að einstaklingsþörfum sé mætt innan bekkjarins með fjölbreyttu námsefni, vinnubrögðum og námsleiðum.

6.2.4 Þemanám

Í þemanámi læra nemendur um ákveðið viðfangsefni með því að safna upplýsingum um efnið, flokka þær og tengja þær við eða flétta þær saman á nýjan hátt. Í lokin er nýrri þekkingu miðlað með fjölbreyttum hætti. Í þemanámi gefst tækifæri til að samþætta fjölda námsgreina eftir því sem við á hverju sinni, byggja undir sjálfstæði í vinnubrögðum og sköpun. Það sem einkennir þemanám einkum er að nemendur þurfa að leita margra leiða við efnisöflun og þekkingarleit til að fá sem heildstæðasta mynd af viðfangsefninu. Í upphafi er forþekking nemenda á efninu könnuð og síðan lagt af stað með það að markmiði að bæta við þekkingu, í því getur falist að horfa á valið efni, leita á vefnum, lesa bækur, hlusta á viðtöl eða fræðsluþætti, senda erindi, hringja, fara á söfn, taka viðtöl eða skoða fréttir. Þemanám byggir á hópavinnu þar sem nemendur skipta með sér verkum og vinna síðan saman að því að raða nýrri þekkingu saman og læra hver af öðrum.

Á yngsta stigi er þemanám byggt upp í tengslum við Byrjendalæsið og að mestu lagt upp með samþættingu íslensku og samfélags- og náttúrufræðigreina. Á mið- og unglingsstigi er unnið með afmörkuð þemu hluta árs, þar sem markvisst er leitast við að samþætta flestar námsgreinar eftir því sem við á.

6.3 Námsáætlanir

Skráningarkerfi skólans er heildstætt upplýsinga- og námskerfi fyrir grunnskóla sem kennarar nota m.a. við námsáætlanagerð. Námsáætlanir eru unnar í upphafi hvorrar annar og eru aðgengilegar foreldrum og nemendum í Mentor. Í kerfinu setja kennarar upp námslotur og tengja við hæfni- og eða matsviðmið Aðalnámsskrár.

Forgangsröðun hæfniviðmiða er verklag sem mælt er með að kennarar og skólastjórnendur tileinki sér og vinni í sameiningu fyrir hverja námsgrein. Þannig verða til gögn sem sýna skýrt hvernig hæfniviðmiðum er forgangsraðað á árganga og hver þeirra eru tengd matsviðmiðum. Þegar forgangsröðun hæfniviðmiða er birt í töflu eða sambærilegum skjölum gefur hún skýrt yfirlit um áherslur í hverjum árgangi og framvindu náms milli árganga og aldursstiga. Nánar má lesa um verklag við forgangsröðun hæfniviðmiða í námsvísunum á heimasíðu skólans.

6.4 Námsgögn

Námsgögn gegna þýðingarmiklu hlutverki í námi. Samkvæmt grunnskólalögum eiga nemendur að fá námsgögn til afnota sér að kostnaðarlausu í þeim námsgreinum sem Aðalnámsskrá grunnskóla kveður á um. Til námsgagna telst allt það efni sem notað er til að ná námsmarkmiðum skólans.

Má þar nefna prentað efni, s.s. námsbækur, handbækur og leiðbeiningarrit, ýmiss konar myndefni, s.s. ljósmyndir, hljóð- og myndefni, veggspjöld, tölvuforrit, efni á netinu, margmiðlunarefni, efni til verklegrar kennslu o.fl. Skólinn hefur óheftan aðgang að námsbókum frá Námsgagnastofnun. Einnig er ákveðið svigrúm til kaupa á efni annars staðar frá. Áhersla er lögð á að fylgjast vel með útgáfu nýrra námsgagna og að til sé úrval náms- og kennslugagna, er taki mið af grunnþáttum menntunar.

Nemendur eiga að ganga vel um námsbækur og gögn sem þeir hafa undir höndum. Þeir bera ábyrgð á námsgögnum sem skólinn lánar þeim og þurfa að skila þeim í viðunandi ástandi. Frá og með hausti 2018 hefur Hvalfjarðarsveit boðið upp á ókeypis námsgögn fyrir nemendur s.s. ritföng og stílabækur o.fl.

6.5 Heimanám

Í aðalnámskrá grunnskóla er kveðið á um að foreldrar beri ábyrgð á að börn þeirra sinni því heimanámi sem samkomulag hefur náðst um milli skóla og foreldra hvers barns. Í Heiðarskóla er lagt upp með að nemendur fái að mestu tíma og rými til að sinna sínu námi á skólatíma og að almennt heimanám sé undantekning frekar en regla. Það á þó ekki við um heimalestur á yngsta- og miðstigi sem mikil áhersla er lögð á að sé sinnt jafnt og þétt allt árið um kring svo árangur verði sem bestur. Notast er við lestrarskráningarkerfi sem heldur utan um heimalestur og lestur í skóla þar sem hægt er að fylgjast með lestrarvirkni hvers og eins og skoða og bera saman við árangur í lesskimunum og prófum.

Markmið heimanáms er að nemandi þjálfí sig í afmörkuðum þáttum sem lagðir hafa verið inn í skólanum, efla sjálfstæði og ábyrgð hans á eigin námi, rifja upp og æfa sig t.d. fyrir námsmat, ígrunda efni sem lagt hefur verið fyrir, efla samvinnu heimilis og skóla eða vinna upp nám t.d. vegna veikinda eða leyfa.

Sé nemandi að dragast aftur úr námi og nær ekki að vinna upp heima með aðstoð foreldra skal umsjónakennari kalla foreldra á fund og finna lausn t.d. með aðstoð stoðþjónustunnar.

6.6 Námsmat

Mat á hæfni og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geta náð markmiðum þess og er tæki fyrir kennara til að skipuleggja kennslu. Til þess þarf námsmat að vera hluti af daglegu starfi, einstaklingsmiðað, fjölbreytt, leiðsagnarmiðað og fela í sér sjálfsmat. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu og metið hvaða aðstoð þeir þurfa.

Námsmat miðar að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Námsmat á að veita börnum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsárangur sem má hafa að

leiðarljósi við skipulagningu náms. Til að geta gegnt þessu margþætta hlutverki þarf námsmat að uppfylla þau skilyrði að vera réttmætt og áreiðanlegt.

Í aðalnámskrá kemur m.a. fram að meta eigi alla þætti námsins; þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af hæfniviðmiðum í aðalnámskrá. Námsmatið á að vera uppbyggjandi og einstaklingsmiðað, nokkurskonar leiðarvísir um þarfir hvers og eins og þann stuðning sem nemandi þarf svo hann nái sem bestum árangri í námi.

Tilgangur námsmats

Námsmat hefur mismunandi tilgang og því má skipta í eftirfarandi flokka:

- **Leiðsagnarmat** snýst um skipulag náms og kennslu og hvernig námsmat er notað til að efla nemendur í námi þeirra. Leiðsagnarmati er ætlað að veita nemendum **endurgjöf** sem leiðir til þess að þeir geti **bætt árangur sinn** á grundvelli matsins. Leiðsagnarmat byggir á skýrum hæfniviðmiðum og námsmarkmiðum sem eru nemendum ljós. Leiðsagnarmat á að vera valdeflandi og sett fram til að nemendur skilji hvað þeir hafi gert vel eða þurfa að bæta til að ná markmiðum námsins. Leiðsagnarmat fer fyrst og fremst fram í samtali nemenda og kennara en getur líka falið í sér kannanir eða verkefni til að meta stöðu hvers og eins. Leiðsagnarmat hjálpar nemendum að sjá tilgang námsins og bera ábyrgð á framvindu þess um leið og það hjálpar kennurum að laga kennsluna að **þörfum nemenda** hverju sinni.
- **Lokamat** hefur þann tilgang að miðla upplýsingum um það hvort tilteknum matsviðmiðum hafi verið náð til nemenda, forsjáraðila og annarra kennara og er mikilvægt til að allir aðilar fái reglulega upplýsingar um hvaða hæfni verið var að þjálfra og stöðu nemenda á hverjum tíma. Við lokamat eru notaðar fjölbreyttar matsaðferðir sem eiga að mæla hvaða þekkingu, leikni og hæfni nemendur hafa náð á ákveðnum tímamarki. Til þess nota kennarar t.d. skrifleg eða munnleg próf, skipulegar athuganir, ritunarverkefni eða kynningar. Matsviðmið sem notuð eru í lokamati endurspeglu þá þætti sem hafa verið skilgreindir í forgangsröðun hæfniviðmiða og settra námsmarkmiða á námstímabili.
- **Vitnisburður** byggir á stöðu nemenda gagnvart matsviðmiðum aðalnámskrár og er unnin í lok hvers skólaárs. Vitnisburður byggir á fjölbreyttum matsgögnum sem lögð hafa verið til grundvallar lokamats ákveðinna matsviðmiða í lok námstímabils og/eða stærri verkefna sem taka til fjölbreyttrar hæfni. Matstákn sem notuð eru í vitnisburði má sjá í kaflanum Hæfnimiðað námsmat.

Námsmatsstefna Heiðarskóla

Í Heiðarskóla er lögð áhersla á leiðsagnarmat og sívirkt og fjölbreytt námsmat. Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Til að svo megi verða þurfa námsmarkmið að vera skýr, námsmatsaðferðir fjölbreyttar og hæfa hæfniviðmiðum, endurspeglu áherslur í kennslu og taka mið af nemendahópum. Lokamat er birt í lok hvers námstímabils í hæfnikorti hvers nemanda sem er aðgengilegt í Mentor. Námstímabil geta verið mislög og verið allt frá 4 vikum til heilrar annar. Nemendum er gefið tækifæri til að

bæta stöðu sína gagnvart matsviðmiðum aðalnámskrár í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar lokamats í samráði við kennara.

Námsmatsaðferðir í Heiðarskóla eru:

- Stöðumat: Kennari metur stöðu (þekkingu, leikni og hæfni) nemenda í upphafi námstímabíla til að byggja skipulag kennslunnar á.
- Leiðsagnarmat: Kennari setur skýr námsmarkmið og veitir nemendum leiðsögn um hvernig bæta megi árangur og ná settum markmiðum.
- Símat: Kennari metur námsframvindu jafnt og þétt yfir námstímabil með ýmsu móti t.d. kannanir, verkefnabækur, ferilmöppur, munnleg, myndræn og skrifleg verkefni: kennari og/eða nemandi fara yfir og leggja mat á frammistöðu.
- Sjálfsmat: Nemendur ígrunda markmið og hvernig þeim miðar í átt að þeim. Gjarnan sett upp í gátlistaformi með markmiðum og leiðum sem nemandinn metur í upphafi og lok námstímabíls.
- Sjálfsmat í Mentor: Foreldri og nemandi vinna matið í sameiningu og við það skapast umræður um námið og skólastarfið. Sjálfsmatið er notað sem umræðugrundvöllur í foreldraviðtölum.
- Próf: Meta annars vegar árangur náms og kennslu í lok námstíma og hins vegar eru próf nýtt til að athuga stöðuna svo hægt sé að skipuleggja nám og kennslu í samræmi við þarfir hvers og eins.
- Matsferill: Stöðu- og framvindupróf í lesfimi, lesskilningi og stærðfræði. Lesfimi og stuðningspróf tengd því eru fyrir alla árganga og lesskilnings- og stærðfræðiprófin fyrir 4. – 10. bekk.
- Einstaklingsviðtöl: Markmiðssetning í upphafi hvorrar annar unnin með hverjum og einum. Samræður um stöðuna við hvern og einn og hvers hann þarfnast til að ná settum markmiðum.
- Jafningjamat: Nemendahópurinn metur árangur á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Lykilhæfni og námsmat

Lykilhæfni er leiðarljós í allri menntun í grunnskóla, bæði formlegri, óformlegri og í starfsháttum skóla. Hún tengist grunnþáttunum *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun*. Samkvæmt aðalnámskrá eru viðmið um mat á lykilhæfni grunnskóla sett fram í fimm liðum sem eru sameiginlegir á öllum námssviðum. Megintilgangur lykilhæfni er að stuðla að alhliða þroska nemandans. Í Heiðarskóla fer mat á lykilhæfni fram í formi sjálfsmats og sem hluti af námsmati hvernar námsgreinar fyrir sig.





Lykilhæfni tengist öllum námssviðum, daglegu lífi, samskiptavenjum, gildum skólans og skólabrag og er sett fram í eftirfarandi liðum í Aðalnámskrá grunnskóla:

- **Tjáning og miðlun:** Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.
- **Skapandi og gagnrýnin hugsun:** Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdarfærslu.
- **Sjálfstæði og samvinna:** Hæfni til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.
- **Nýting miðla og upplýsinga:** Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt.
- **Ábyrgð og mat á eigin námi:** Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

Í Heiðarskóla er lykilhæfni gert hátt undir höfði með áherslu á fjölbreytta kennsluhætti, skapandi námsumhverfi og möguleikum á margskonar úrvinnslu verkefna.

Hæfnimiðað námsmat

Í námsmati í grunnskóla skal leggja mat á hæfni nemenda innan hvers námssviðs eða námsgreinar. Í námsumsjónarkerfinu Mentor hafa foreldrar og nemendur aðgang að hæfnikorti þar sem hvert hæfniviðmið er metið í hverri námsgrein fyrir sig út frá matskvarða. Matskvarði og viðmið um hæfni og eða matsviðmið fyrir námssvið og námsgreinar eru eftirfarandi í Heiðarskóla:

Matskvarði 1. – 4. bekk	Framúrskarandi 	Hæfni náð 	Þarfnast þjálfunar 	Hæfni ekki náð 
Viðmið	Hæfni náð og gott betur	Hæfni náð	Hæfni á góðri leið en þarfnast þjálfunar	Hæfni ekki náð

Matskvarði 5. – 10. bekk	Viðmið
A	Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum/matsviðmiðum námsgreinar/námssviðs.
B+	Hluta af hæfniviðmiðum/matsviðmiðum fyrir A náð og önnur í B.
B	Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum/matsviðmiðum námsgreinar/námssviðs.
C+	Hluta af hæfniviðmiðum/matsviðmiðum fyrir B náð og önnur í C.
C	Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum/matsviðmiðum námsgreinar/námssviðs.
D	Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum/matsviðmiðum námsgreinar/námssviðs.

Lokamat er gefið í lok hverrar námslotu og matstákn hvers stigs notuð.

Í lok hvers skólaárs er nemendum birtur vitnisburður sem byggir á stöðu nemenda gagnvart matsviðmiðum aðalnámskrár. Matstákn eru notuð til að sýna stöðu hvers nemanda á námsgreinum sem metnar eru á vitnisburði líkt og fram kemur hér að ofan. Í vitnisburði fá nemendur einnig almenna umsögn frá kennarateymi. Vitnisburður er aðgengilegur í námsumsjónarkerfi skólans, Mentor.

Nemendur í 10. bekk útskrifast þar að auki með rafræn prófskírteini sem flytjast sjálfkrafa í kerfi framhaldsskólanna við lok grunnskóla.

Stjörnumerktar einkunnir

Í aðalnámskrá eru gefin út samræmd viðmið en skólum er einnig skylt að gera einstaklingsnámsskrá fyrir nemendur sem ekki fylgja samræmdum hæfni- og matsviðmiðum aðalnámsskrár. Í þeim tilvikum eru einkunnir stjörnumerktar.

Ferilmappa

Hver og einn nemandi fær við upphaf skólagöngu afhenta ferilmöppu þar sem safnað er saman sjálfsmati, vitnisburðum, myndum og völdum verkefnum.

7. Kafli – Markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár



7.1 Markmið náms og námsgrunnur

Skólastarf og nám í skólanum byggir á gildandi Aðalnámskrá grunnskóla. Markmið náms eru sett fram sem þróun **hæfni** nemenda, þar sem **þekking, leikni og hæfni** mynda heild sem nýtist í fjölbreyttum aðstæðum í námi, lífi og starfi. Skólinn leggur áherslu á heildstæða almenna menntun, vellíðan og virka þátttöku nemenda, og vinnur markvisst að því að tryggja **jöfn tækifæri til náms** og stuðning við ólíkar þarfir nemenda.

7.2 Grunnþættir menntunar

Í allri kennslu og skólastarfi er unnið með grunnþætti menntunar sem þverfaglegan rauðan þráð: **læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun**. Grunnþættirnir birtast í:

- Námsmarkmiðum og verkefnavali.
- Kennsluháttum og skipulagi skóladagsins.
- Námsmati og endurgjöf.
- Samskiptum, skólabrag og félagslífi.

7.3 Lykilhæfni og hæfnimiðað nám

Skólinn styður markvisst við þróun lykilhæfni nemenda, m.a. með áherslu á:

- **Sjálfsþekkingu, ábyrgð og námsvitund** (nemendur setja sér markmið og meta eigið nám).
- **Samskipti og samvinnu** (hlustun, tjáning, ágreiningslausnir, teymisvinna).
- **Gagnrýna hugsun og skapandi lausnaleit**.

- **Lýðræðislega þátttöku** (áhrif nemenda á nám og skólastarf í gegnum samtal, bekkjarfundir og/eða nemendaráð).

7.4 Kennsluhættir, þátttaka og stuðningur

Skólinn styður markvisst við þróun lykilhæfni nemenda, m.a. með áherslu á:

- **Sjálfsþekkingu, ábyrgð og námsvitund** (nemendur setja sér markmið og meta eigið nám).
- **Samskipti og samvinnu** (hlustun, tjáning, ágreiningslausnir, teymisvinna).
- **Gagnrýna hugsun og skapandi lausnaleit.**
- **Lýðræðislega þátttöku** (áhrif nemenda á nám og skólastarf í gegnum samtal, bekkjarfundir og/eða nemendaráð).

7.5 Námsmat og stuðningur

Námsmat í skólanum er hluti af námi og þjónar bæði leiðsögn og yfirliti yfir stöðu. Lögð er áhersla á:

- **Leiðsagnarmat** með reglulegri endurgjöf.
- Skýr viðmið (hæfniviðmið og matsviðmið) og sýnileg markmið.
- Sjálfsmat og jafningjamat eftir aldri og þroska.
- Að niðurstöður mats nýtist til að bæta kennslu, nám og stuðning.

7.6 Samstarf og skólasamfélag

Skólinn vinnur í nánú samstarfi við foreldra/forráðamenn og nærsamfélag og leggur áherslu á jákvæðan skólabrag, öryggi og virðingu. Ákvarðanir um nám og stuðning byggja á faglegu mati, samráði og gagnreyndri vinnu.

7.7 Markmið Uppbyggingarstefnu frá 1. – 10. Bekk

Meginmarkmið uppbyggingar er að styrkja nemandann í að vera sá sem hann vill vera með hliðsjón af eigin sannfæringu frekar en að stjórnast út frá geðþótta annarra. Það er gert með því að kenna nemendum sjálfsaga, sjálfsstjórn og sjálfsstyrkingu sem leiðir til betri samskipta. Uppeldi til ábyrgðar leggur áherslu á lífsgildi fremur en reglur og ábyrgð fremur en blinda hlýðni og samræmist því vel meginþáttum Aðalnámsskrár grunnskóla. Stefnan byggir á þeirri hugmyndafræði að öll hegðun stjórnist af fimm grundvallarþörfum sem eru öllum mönnum

sameiginlegar en þær eru öryggi, ánægja, styrkur, umhyggja og frelsi. Unnið er með nemendum að því að átta sig á þörfum sínum.

Til að hjálpa nemendum inn á þessa braut og fá þá til að skoða eigið gildismat má spyrja spurninga eins og: „Hvernig viljum við vera?“ og „Hvað við þurfum að gera til að ná takmarki okkar?“

Nemendur læra:

- Að bera ábyrgð á eigin mistökum.
- Að bera ábyrgð á eigin námi.
- Leiðir til að hafa stjórn á eigin hegðun.
- Hvernig þeir geta leiðrétt mistök og bætt fyrir þau.
- Aðferðir við lausn ágreiningsefna.
- Að sinna þörfum sínum af ábyrgð gagnvart sjálfum sér og öðrum.
- Að mynda tengsl við aðra.
- Að setja sér markmið, gera uppbyggingaráætlanir, stunda sjálfsrannsókn.
- Að verða þeir sjálfir - þær manneskjur sem þeir vilja vera.
- Að gera bekkjarsáttmála.

Til þess að ná þessum markmiðum er t.d. gerð þarfagreining, þarfaplattar og unnið með mitt/þitt hlutverk, lífsgildi og rætt um lykilsetningar.

7.8 Efling námstækni og námsvitundar

Mikilvægur þáttur í námstækni er að nemendur læri að þekkja sjálfa sig. Verkefni sem lögð eru fyrir í námstækni eiga að efla færni nemenda í að skipuleggja tíma sinn og setja sér skýr markmið í náminu. Margir þættir hafa áhrif á það hvernig nemendum gengur að læra, s.s. lífsvenjur, heimilisaðstæður, líðan í skóla, kennslan, áhugi og einbeiting. Með kennslu í námstækni fá nemendur aðstoð við að tileinka sér árangursríkar aðferðir í námi og jafnframt stuðla að aukinni sjálfsþekkingu.

Markmið:

- Að búa nemendur vel undir nám og efla möguleika þeirra með því að kenna þeim árangursríkar aðferðir til að ná árangri í námi.
- Að stuðla að því að nemendur meti og endurskoði námsvenjur sínar og aðrar lífsvenjur sem geta haft áhrif á nám.
- Að aðstoða nemendur við að setja sér raunhæf markmið í námi sínu.
- Að stuðla að auknu sjálfstrausti nemenda.
- Að hver nemandi eigi ört vaxandi verkfærakistu með ýmsum aðferðum sem hann getur gripið til við í grunnskólanámi og síðar ef vill.

Leiðir:

1. – 10. bekkur

- Nota litamerkingar. Hver námsgrein hafi sinn lit (möppur, ljósrit, glósubækur).
- Verja síðustu fimm mínútunum hvers dags í heimastofu til að ganga frá í töskum og ganga frá í möppur og hólfi.
- Dagbók þar sem flest kemur fram sem varðar skólanámið og heimanámið.
- Nemendur meti við áætlanagerð hvernig til hafi tekist í náminu og hvers vegna. Byrjun á meðvitund um nám og námstækni.

Yngsta stig

- Kenna í gegnum Byrjendalæsi.
- Byrja að nota einföld hugar- og hugtakakort.
- Vinna sjálfsskoðunarverkefni (sjálfskönnun um náms- og lífsvenjur).
- Setja sér einföld markmið.
- Skipuleggja og passa námsgögn.
- Vanda frágang og vinnubrögð.

Miðstig

- Nota hugar-/hugtakakort.
- Kenna glósutækni sem börnum finnst best að nota.
- Kenna SSLSR (skoða, spyrja, lesa, segja, rifja upp).
- Kenna uppsetningu og aðferðarfræði ritgerðasmíði.
- Undirbúa nemendur fyrir próf: upprifjun, kortleggja efnið, fræða um mikilvægi svefns og mataræðis.
- Kenna áætlanagerð og mat á framvindu náms (sjálfsmat).
- Vinna sjálfsskoðunarverkefni.
- Leggja áherslu á frágang, vinnubrögð, samvinnu og hópavinnu.
- Setja sér markmið í náminu.
- Skipuleggja og passa námsgögn.

Unglingastig

- Gera námsáætlanir með börnum.
- Kenna nemendum að leggja mat á eigið nám (sjálfsmat).
- Kenna tímastjórnun: heimanám, áhugamálin og íþróttaiðkun.
- Viðhalda og efla glósutækni. Nota hugtakakort eða þá tækni sem börn hafa tamið sér.
- Kenna uppsetningu og aðferðarfræði ritgerðasmíða: notkun heimilda

- Notaðu gagnvirkum lestur markvisst, SSLSR.
- Undirbúa nemendur fyrir próf: upprifjun, kortleggja efnið, fræða um mikilvægi svefnis og mataræðis.
- Vinna sjálfsskoðunarverkefni.
- Þjálfar nemendur í að afla upplýsinga, vinna úr þeim og draga af þeim ályktanir.
- Leggja áherslu á frágang, vinnubrögð, samvinnu og hópavinnu.
- Setja sér markmið í náminu, meta og endurskoða.
- Skipuleggja og passa námsgögn.

7.9 Umhverfismennt og útinám



Í Aðalnámskrá leik- og grunnskóla 2025 eru sex grunnþættir lagðir til grundvallar skólastarfi; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi. Frá upphafi skólagöngu er mikilvægt að umhverfismennt sé notuð í kennslu ólíkra námsgreina enda er umhverfismennt ekki sérstök námsgrein heldur námsþáttur sem vinnur þvert á allar námsgreinar. Með umhverfismennt er reynt að stuðla að því að nemendur læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og þannig reynt að koma því fyrir að komandi kynslóðir læri að takast á við ólíka þætti sem tengjast umhverfismálum. Það er m.a. gert með því að flytja kennsluna að einhverju leyti út fyrir vegg skólans og tengja þannig kennsluna við nærsamfélagið og náttúruna í nánasta umhverfi skólans.

7.9.1 Umhverfismennt

Leiðarljós Heiðarskóla í umhverfismennt:

Gerðu það sem er rétt fyrir umhverfið, ekki það sem er auðveldast.

Markmið:

- Markvisst útinám.
- Spara orku.
- Draga úr neyslu.
- Fræða nemendur og starfsmenn um umhverfismál.

Leiðir:

Yngsta stig

- Taki þátt í flokkun og endurvinnslu á sorpi skólans.
- Læri um nýtingarmöguleika vatns.
- Séu virkir þátttakendur í orku/rafmagnssparnaði.
- Séu þátttakendur í ræktun í gróðurreitum skólans.
- Fáí umræður um hvernig skilgreina má vistvænar vörur.
- Öðlist þekkingu á sínu nánasta umhverfi.
- Geri sér grein fyrir veðurfari og árstíðarbreytingum í heimabyggð
- Þekki skilgreiningu orðsins náttúruhamfarir og hverjar hættur eru í heimabyggð
- Þekki umhverfisvænar vörur og hvernig þær eru merktar.
- Fáí utanaðkomandi fræðslu um umhverfismál.

Miðstig

- Skilji tilgang flokkunar og endurvinnslu.
- Læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og mengun vatns.
- Fáí fræðslu um hreint vatn og mengun vatns.
- Fáí þekkingu á hugtakinu auðlind, takmörkun hennar og hvaða auðlindir eru endurnýtanlegar í náttúrunni.
- Fáí fræðslu um hvaðan neysluvörur okkar koma.
- Þekki eldstöðvar í heimabyggð og nágrenni.
- Þekki sérstöðu íslenskrar náttúru.
- Fáí utanaðkomandi fræðslu um umhverfismál.

Unglingastig

- Skilji hugtökin sjálfbær þróun, vistvæn orka og vistkerfi.
- Beri virðingu fyrir náttúrunni og lifandi verum.

- Noti hugtökin neysla og vistvænt.
- Taki þátt í ræktun.
- Geri sér grein fyrir og skilji hugtakið örugg matvæli.
- Þekki sjálfbæra nýtingu auðlinda.
- Þekki ástæður loftlagsbreytinga og afleiðingar þeirra á samfélagið.
- Þekki áhrif mengunar á landi og sjó.
- Þekki náttúruhamfarir vegna áhrifa mannsins.
- Fáí utanaðkomandi fræðslu um umhverfismál.

7.9.2 Útinám

Útinám er kennsla sem fer fram fyrir utan skólabygginguna og oft renna námsgreinar saman í þannig vinnu. Það eru engin skýr mörk á milli t.d. náttúrufræði, stærðfræði, samfélagsfræði, íslensku, listgreina og íþróttar. Náttúran og umhverfið er notað sem kennslurými og kennslugögn. Í Heiðarskóla er lögð áhersla á að uppbrotsdagar s.s. Dagur íslenskrar náttúru, íþróttadagur, nemendaferðir o.fl. eigi sér stað utandyra þar sem áhersla er lögð á náttúruást og jákvæða náttúruupplifun.

Með útinámi:

- Eykst skilningur nemenda á náminu.
- Verður kunnáttan dýpri.
- Styrkist minnið.
- Skapast aðstæður til að sjá samhengi og með því að vera úti í náttúrunni og dýpka kunnáttuna í vistfræði.
- Þróast tilfinningarnar og ábyrgðin fyrir umhverfinu og náttúrunni.
- Tengist námið við raunveruleikann.
- Eykst heilbrigði, hreyfing og ferskt loft léttir lundina.
- Eflist þekking á nánasta umhverfi og heimabyggð.
- Styrkjast nemendur félagslega, sjálfsmýndin og sjálfstraustið eflist.
- Eflist sköpunargleði og hugmyndarvinna.

7.9.3 Grænfáninn

Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákni um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Heiðarskóli fékk Grænfánann í fyrsta skipti 2009. Skólinn tekur þátt í verkefninu Skólar á grænni grein. Verkefnið sem er á vegum Landverndar er alþjóðlegt og er ætlað að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Þeir skólar sem vilja komast á græna grein leitast við að stíga skrefin sjö. Skrefin sjö eru ákveðin verkefni sem efla vitund nemenda og starfsfólks skóla um umhverfismál. Þegar því marki er náð fá skólarnir leyfi til að flagga Grænfánanum næstu tvö ár en sú viðurkenning fæst endurnýjuð ef skólarnir halda áfram góðu starfi.

Markmið:

- Bæta umhverfi skólans, minnka úrgang og notkun á vatni og orku.
- Efla samfélagskennd innan skólans.
- Auka umhverfisvitund með menntun og verkefnum innan kennslustofu og utan.
- Styrkja lýðræðisleg vinnubrögð við stjórnun skólans þegar teknar eru ákvarðanir sem varða nemendur.
- Veita nemendum menntun og færni til að takast á við umhverfismál.
- Efla alþjóðlega samkennd og tungumálakunnáttu.
- Tengja skólann við samfélag sitt, fyrirtæki og almenning.

Sjá nánar um Grænfánaverkefni Landverndar á vefsíðunni landvernd.is

7.9.4 Umhverfisnefnd

Í skólanum starfar umhverfisnefnd með fulltrúum nemenda úr öllum bekkjum og fulltrúum starfsmanna. Fundir eru einu sinni í mánuði og nokkur ákveðin verkefni eru tekin fyrir á hverju ári. Með þátttöku í umhverfisnefnd fá nemendur tækifæri til að læra um lýðræði og iðka lýðræðisleg vinnubrögð. Áhersla er lögð á að koma hugmyndum nemenda í framkvæmd í skólalastarfinu.

7.10 Stafræn hæfni og notkun spjaldtölva

Tilgangur með notkun tölva og spjaldtölva er að efla stafræna hæfni sem hluta af læsi: **sköpun, miðlun, gagnrýna hugsun, samstarf og ábyrga netnotkun**. Tækni er nýtt til að styðja einstaklingsmiðað nám og fjölbreytt verkefnaskil.

Hæfni nemenda

Nemandi:

- Nýtir stafræna tækni til náms, sköpunar og miðlunar.
- Leitar upplýsinga og metur áreiðanleika.
- Vinnur með heimildir og forðast ritstuld.
- Sýnir ábyrga, örugga og jákvæða nethegðun.
- Skipuleggur nám sitt með stafrænum verkfærum (sérstaklega á unglingastigi).

Leiðir og skipulag

- Stigbundin hæfniþróun: grunnfærni → sjálfstæð notkun → skapandi og gagnrýnin notkun.
- Fjölbreytt verkefnavinna og skilaleiðir (texti, mynd, hljóð, myndband, kynning).
- Regluleg fræðsla um netöryggi, siðferði og persónuvernd.

8. kafli – Nemendur



Mikilvægt er að nemendur og starfsfólk vinni í sameiningu að því að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag. Góður skólabragur felur í sér gagnkvæmt traust, virðingu og samábyrgð þar sem heilbrigðar lífsvenjur, öryggi og vellíðan eru höfð að leiðarljósi. Þess vegna er nauðsynlegt að nemandi, í samræmi við aldur og þroska, geri sér grein fyrir að hann beri sína ábyrgð á því hvernig skólabragur verður til og í hverju hann er fólgin. Nemendur eiga rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, námstilhögun, fyrirkomulag skólastarfs og aðrar ákvarðanir sem snerta þá. Taka skal tillit til sjónarmiða þeirra eins og unnt er.

Samkvæmt lögum skal nemendafélag starfa í grunnskólum. Í Heiðarskóla starfar nemendafélag og í því sitja fulltrúar nemenda í 5. – 10. bekk, einn fulltrúi úr hverjum bekk á miðstigi og tveir fulltrúar úr hverjum bekk á unglíngastigi. Nemendafélag fjallar um hagsmuna-, félags- og velferðarmál barna skólans.

8.1 Fatnaður

Nemendur skulu ávallt koma klæddir eftir veðri og vera tilbúnir í leik og nám utanhúss. Mælst er til þess að þeir hafi auka sokka með í skólann og nemendur á yngsta stigi þurfa alltaf að hafa aukasett af öllum fatnaði í skólanum. Allir nemendur hafa snaga og merkt hólf þar sem má geyma aukaföt. Mikilvægt er að foreldrar sendi börnin sín í fötum sem þola þá vinnu sem fram fer í skólanum s.s. málningarvinnu og matreiðslu en skólinn leggur til svuntur og sloppa.

8.2 Skólabragur

Starfsfólki Heiðarskóla ber að stuðla að góðum starfsanda og gagnkvæmri virðingu allra í skólanum í samstarfi við nemendur, foreldra og starfsfólk. Allir sem starfa í Heiðarskóla leggja sig fram um að viðhalda öruggum og jákvæðum skólabrag. Meðal grundvallarréttinda barna er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þau geti náð sem bestum tókum á náminu og kennslan nýtist

þeim sem best. Því á að skapa jákvæðan skólabrag og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum. Unnið er eftir Uppbyggingastefnunni þar sem meginatriðið er að kenna börnum og starfsfólki sjálfsgaga, sjálfstjórn og sjálfsstyrkingu. Uppeldi til ábyrgðar stuðlar að jákvæðum og góðum samskiptum, leggur áherslu á lífsgildi fremur en reglur og ábyrgð fremur en blinda hlýðni og samræmist því vel meginþáttum aðalnámsskrár. Í Heiðarskóla er nemendum kennt að umgangast hvern annan og starfsfólk skólans í sátt og samlyndi og taka ábyrgð á eigin framkomu og hegðun og virða skólareglur.

8.3 Skólareglur og agamál

Skólareglur Heiðarskóla eru endurskoðaðar á hverju hausti með nemendum og starfsmönnum. Skólareglur Heiðarskóla eru eftirfarandi:



– HEIÐARSKÓLI –

Skólareglur Heiðarskóla

Tengdar við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

<ul style="list-style-type: none"> • Öll börn eru jöfn. • Við tökum vel á móti nýjum nemendum. • Við skiljum mat og sælgæti eftir heima. 	<div style="background-color: #f4a460; padding: 5px; border-radius: 5px;">2</div>  <p>ÖLL BÖRN ERU JÖFN</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Við gefum öðrum næði til að læra. • Við sinnum fyrir mælum starfsfólks. 	<div style="background-color: #e91e63; color: white; padding: 5px; border-radius: 5px;">3</div>  <p>ÞAD SEM BARNINU ER FYRIR BESTU</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Við göngum vel um. • Við erum laus við rafrettur, tóbak og vímuefni (þar á meðal áfengi). • Við sinnum persónulegu hreinlæti. 	<div style="background-color: #008080; color: white; padding: 5px; border-radius: 5px;">6</div>  <p>LÍF OG ÞRÓSKI</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Við erum kurteis. • Við virðum öryggi, eigur og einkalíf annarra. • Við berum virðingu fyrir sjálfum okkur, öðrum og umhverfinu. 	<div style="background-color: #0070c0; color: white; padding: 5px; border-radius: 5px;">12</div>  <p>VIRÐING FYRIR SKOÐUNUM BARNNA</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Við klæðum okkur eftir veðri. • Við geymum leikföng heima. • Við notum síma og netið á ábyrgan og jákvæðan hátt. 	<div style="background-color: #000080; color: white; padding: 5px; border-radius: 5px;">18</div>  <p>ÁBYRGÐ FÖRELDRA</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Við tökum þátt í tímum og sinnum heimanáminu. • Við mætum á réttum tíma í kennslustundir. • Við mætum með skólabækur, íþróttatösk og sundföt. 	<div style="background-color: #e67e22; color: white; padding: 5px; border-radius: 5px;">29</div>  <p>MARKMÍÐ MENNTUNAR</p>

5
LEIÐSÖN
SÁÐARSTJÓRN

13
HREIÐLEIÐIÐ ER ÖRUÐ
FRAMMSTRIÐIÐ ER
GRÖNN

14
BYGGJANNA OG
TÖRUGLEIÐI

15
SÉLGAÐAFELD

16
PERSÓNLEIÐIÐ
OG EINKALÍF

24
HÍÐLEIÐIÐ
OG HÍÐLEIÐIÐ
EMBEYD

27
NÁMEL, ÞYGG OG
SÍGGJÓTT NÁM

28
SAGAMÆLUR OG
HREYFING

33
SÉTTU BLAÐ
SÍGGJÓTT
HREYFING

41
BESTU LÖG
SAGA

Við brot á skólareglum er unnið eftir agareglum Heiðarskóla en þær eru eftirfarandi:

A1 – Kennari/starfsmaður tekur á atviki

- Truflun í tíma.
- Gleymir námsbók/íþrótt- eða sundfötum.
- Sinnir ekki heimanámi.
- Er óvirkur og/eða neitar að taka þátt.
- Sóðaskapur.
- Kemur með leikföng í skólann.
- Mætir of seint í tíma (skráð í ástundun í Mentor).
- Sinnir ekki fyrirætlum starfsfólks, t.d. varðandi frímínútur, matsal o.fl.
- Dónaleg framkoma.
- Af gáleysi skemmir eigur skólans eða annarra.
- Af gáleysi meiðir eða særir aðra.
- Sælgæti - gert upptækt og geymt.

Umsjónarkennara gert viðvart eftir á ef þurfa þykir.

A2 – Umsjónarkennari kallaður til og hann tekur á atviki

- Mjög dónaleg framkoma.
- Óheimil fjarvist.
- Sinnir ekki fyrirætlum starfsfólks þrátt fyrir A1.
- Nemandi vísað úr kennslustund.
- Ef um endurtekið gáleysi er varðar skemmdir eða hegðun þar sem nemandi hefur ekki dregið lærdóm af fyrri atvikum.

1. sinn - Útbúin uppbyggingaráætlun með kennara. Foreldrum gert viðvart af kennara.

2. sinn – Viðtal við umsjónarkennara. Umsjónarkennari hringir heim og tilkynnir ástæður.

3. sinn – Viðtal við skólastjórnendur. Skólastjórnendur hringja heim. Skólastjóri vísar nemandu úr skóla það sem eftir er dags.

A3 – Ófrávíkjanlegar reglur 1, skólastjóri/aðstoðarskólastjóri tekur á atviki ásamt umsjónarkennara

- Viðbrögð við A2 bera ekki árangur í 3. sinn.
- Ógnar öryggi með ögrandi framkomu eða hótunum
- Beitir líkamlegu eða andlegu ofbeldi
- Skemmir eigur skólans eða annarra af ásetningi.
- Virðir ekki friðhelgi annarra nemenda eða starfsfólks, t.d. gramsar í tösku, fer í skáp annars nemanda o.s.frv.

A3 getur varðað brottvikningu úr skóla í allt að 3 daga. Foreldrar eru upplýstir um atvik og gefið tækifæri til andmæla. Eftir að andmælaréttur foreldra hefur verið nýttur tekur skólastjóri ákvörðun um brottvísun í allt að 3 daga. Skólastjórnendur skulu taka á málinu ásamt

umsjónarkennara, sem sjá um skráningu atviks og úrvinnslu. Nemendum er boðið að vinna úr sínum málum með skólastjóra og gera uppbyggingaráætlun.

A4 – Ófrávíkjanlegar reglur 2, skólastjóri/aðstoðarskólastjóri tekur á atviki ásamt umsjónarkennara

- Hefur undir höndum barefli eða vopn, ógnar eða beitir því gegn öðrum.
- Hefur undir höndum ávana- eða fíkniefni, þar með talið áfengi, rafrettur og tóbak.
- Þjófnaður

A4 varðar brottvikningu úr skóla og skemmtana- og ferðabann á vegum skólans. Skólastjórnendur skulu taka á málinu ásamt umsjónarkennara, sem sjá um skráningu atviks og úrvinnslu. Foreldrar upplýstir af skólastjóra/aðstoðarskólastjóri og gefið tækifæri til andmæla.

Varðandi skemmtana- og ferðabann í A4 verður að meta atvikið og hvernig nemandi vill vinna úr sínu máli. Staða nemanda varðandi aðrar skráningar kemur líka til álita, þegar ákvörðun er tekin um hversu langt bannið á að vera.

A4 brot eru þess eðlis að ekki er annað hægt en að vísa nemendum heim tímabundið, aðallega til þess að skapa öðrum nemendum aðstæður þar sem þeir eru öruggir.

Almennt um agareglur:

- Skráning: Öll brot eru skráð eins og tiltekið er hér að ofan.
- Brottvísun: Foreldrar eru látnir vita samdægurs og beðnir um að sækja barnið í skólann. Að auki er sent skriflegt bréf í Mentor. Haldinn er fundur strax morguninn eftir með foreldrum og geta þeir nýtt sér andmælarétt sinn það sem eftir er dags. Andmælaréttur foreldra vegna brottvikningar er ávallt virtur. Ef nemandi er vísað úr skóla í 3 daga er velferðar- og fræðslunefnd gert viðvart.
- Hvað er andmælaréttur? Foreldrar geta andmælt brottrekstri barnsins. Andmælaréttur er skýr í stjórnarsýslulögum og gildir daginn eftir brot, eftir það getur skólastjóri ákveðið að vísa nemandi úr skóla í allt að 3 daga.

9. Kafli – Mat á árangri og gæðum



9.1 Tilgangur og meginviðmið

Innra mat Heiðarskóla er kerfisbundið, umbótamiðað og samofið daglegu starfi. Markmiðin eru að:

- Tryggja samræmi við lög, reglugerðir og Aðalnámskrá.
- Efla gæði náms og kennslu, velferð og réttindi nemenda.
- Byggja ákvörðunartöku á traustum gögnum og sýnilegum árangri.
- Miðla gagnsæjum upplýsingum til nemenda, foreldra, starfsfólks, velferðar- og fræðslunendar og sveitarfélags.

9.2 Skipulag og ábyrgð

Skólustjóri ber ábyrgð á gæðum innra mats. Sjálfsmatsteymi, skipað fulltrúum allra skólastiga og faggreina, leiðir framkvæmd: mótar árlega matsáætlun, samhæfir gagnasöfnun/greiningu og leggur fram umbótatillögur til stjórnenda, starfsfólks og velferðar- og fræðslunefndar. Hlutverk skólaráðs og foreldrafélags er ráðgefandi og eftirfylgnimiðað; nemendur taka virkan þátt í ígrundun og sjálfsmati.

9.3 Matsrammi og verkfæri

Innra mat nýtir bæði meginindleg og eigindleg gögn:

BRAVOLesson (gæðaviðmið byggð á leiðbeiningum MMS): kennsluinnlit, rýni og mat lykilþátta (t.d. Nám og kennsla, Faglegt samstarf, Innra mat).

Skólapúlsinn: nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir (viðhorf, líðan, samskipti, þátttaka).

Námsárangur og viðmið: Matsferill, stöðluð og staðbundin próf/viðmið (t.d. lestrar- og stærðfræðimat), símat/leiðsagnarmat, verkefnasöfn og rýnihópar.

Eigindlegar aðferðir: vettvangsathuganir, kennsluinnlit, viðtöl, rýnihópar og sýnishorn verka.

Öll gögn eru tengd skýrum matsþáttum og notuð til að móta aðgerðir og mælanlega árangursvísa.

9.3.1 Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er hugsaður sem hluti af þróunarstarfi skóla. Með Skólapúlsinum geta skólar fengið réttmæt gögn til að vinna með í þróunarstarfi bæði við kortlagningu, mat og endurmat. Kostur verkefnisins felst fyrst og fremst í samræmingu á mati á innri þáttum skólustarfsins, svo sem líðan nemenda, virkni þeirra og aðstæðum í skólanum í gegnum sjálfvirkt kannakerfi.

Nemendakannanir Skólapúlsins eru tvær á hverju skólaári, þ.e. annars vegar fyrir 1. – 5. bekk og hinsvegar fyrir 6. – 10. bekk.

Foreldrakönnun Skólapúlsins er lögð fyrir í febrúar annaðhvert ár og nær til foreldra/forsjáraðila barna á öllum aldurstigum grunnskólans. Hún tekur fyrir þætti eins og nám og kennslu, velferð nemenda, aðstöðu og þjónustu, foreldrasamstarf og heimastuðning.

Starfsánægjukönnun fyrir alla starfsmenn grunnskólans er lögð fyrir í mars annaðhvert ár. Hún skiptist í almennan hluta sem metur 23 þætti, m.a. vinnuálag, áskoranir í starfi, stuðning frá yfirmanni, samband vinnu og einkalífs, starfsanda, einelti og áreiti, og kennarahluta sem metur 25 þætti þar til viðbótar s.s. kennarastarfið, starfsumhverfi kennara og símenntun.

9.3.2 Matsferill

Matsferill er safn matstækja sem dregur upp heildstæða mynd af námslegri stöðu og framförum nemenda, reglulega yfir skólagönguna. Þeim er ætlað að auðvelda starfsfólki skóla að miða kennslu við þarfir hvers nemanda og koma auga á þau börn sem telja má í áhættu vegna framvindu í námi og þroska.

9.3.3 Starfsmannasamtöl

Formleg starfsmannaviðtöl fara fram þrisvar á ári, fyrsta viðtal er í upphafi skólaárs að hausti þar sem farið er yfir verksvið viðkomandi og vinnutilhögun, annað viðtal er í nóvember, en þá er áherslan á styrkleika starfsmanns, starfsanda, liðsheild og stjórnun. Þriðja og síðasta viðtalið er að vori, þar sem farið er yfir veturinn og horft til umbóta og starfsþróunar. Starfsmaðurinn hefur það í huga að starfsmannasamtöl eru gott **tæki** til að hafa áhrif á eigið starf og starfsþróun. Starfsmaður fær í hendurnar undirbúningsblað a.m.k. viku fyrir viðtal.

9.3.4 SVÓT greining

SVÓT greining (SWOT analysis) er greinandi aðferð sem er notuð til að finna og flokka innri og ytri áhrifaþætti á ákveðnum vettvangi skólans. Greining er gerð eftir þörfum. **Styrkleikar** og **veikleikar** tilheyra innri þáttum, en **ógnanir** og **tækifæri** tilheyra ytri þáttum. SVÓT greining getur verið mikilvæg við að greina og gefur góðar upplýsingar við breytingastjórnun og skipulagningu. Varast ætti að líta á einungis niðurstöðuna sem SVÓT greiningin gefur, heldur líta á hana sem hluta af þróunarferli. Í SVÓT greiningunni er safnað upplýsingum um innri og ytri þætti sem hafa, eða hafa ekki, áhrif á þróun skólans. Við greininguna verður til listi yfir styrkleika og veikleika sem koma fram við greiningu og einnig listi yfir ógnanir og tækifæri sem verður til við greiningu á umhverfinu.

Í SVÓT greiningunni er gott að hafa eftirfarandi spurningar sem útgangspunkta:

Styrkleikar (horft innávið)

- Hvaða góða eiginleika höfum við?
- Hvað gerum við vel?
- Hvaða úrræðum höfum við aðgang að?
- Hvað sjá aðrir sem kosti okkar?

Veikleikar (horft innávið)

- Hvað getum við bætt?
- Hvað gerum við illa?
- Hvað þurfum við að forðast?

Ógnanir (horft út)

- Hvaða hindranir eru í veginum?
- Ógnar ný tækni stöðu okkar?
- Valda veikleikar alvarlegum vandamálum?

Tækifæri (horft út)

- Hvar eru góð tækifæri?
- Hvaða stefnur getum við nýtt okkur?
- Tæknibreytingar.
- Breytingar í áherslum og stefnum (sveitarstjórn, lög og reglur).
- Samfélagslegra breytingar s.s. í mannfjölda, byggð, lífsstíl, o.fl.
- Viðburðir og atburðir.

9.4 Ársferli og tímasetningar

Innra mat fylgir árlegri PDCA-hringrás (Plan–Do–Check–Act):

- **Haust** (september): Ársáætlun innra mats samþykkt; áherslupættir og gæðaviðmið skilgreind; grunn gögn tekin saman; skipulögð kennsluinnlit.
- **Vetur** (lokjanúar / febrúar): Framvinduskýrsla lögð fram til skoðunar í skólanefnd og kynnt starfsfólki og foreldrum; aðgerðir stilltar eftir niðurstöðum.
- **Vor** (maí–júní): Sjálfsmatsskýrsla birt opinberlega ásamt umbótaáætlun fyrir næsta skólaár (ábyrgð, tímamörk, mælikvarðar).

9.5 Hlutdeild og lýðræði

- **Nemendur:** Taka þátt í sjálfsmati og ígrundun, svara viðhorfskönnunum og koma að mótun umbóta á sínu stigi.
- **Foreldrar:** Taka þátt í könnunum, rýnihópum og í gegnum ráð/nefndir; eiga reglulegt samtal um framvindu og námsmarkmið barna.
- **Starfsfólk:** Vinnur í teyllum að úrvinnslu gagna og endurmati kennsluhátta.

9.6 Birting, persónuvernd og miðlun

Skýrslur og áætlanir eru birtar á heimasíðu skólans og kynntar skólasamfélaginu. Gætt er trúnaðar og persónuverndar; samantektir eru ópersónugreinanlegar og gögn varðveitt samkvæmt reglum skólans/sveitarfélags.

9.7 Umbótaáætlun og árangursvísar

Umbótaáætlun er gefin út árlega í sjálfsmatsskýrslu skólans. Hún er í stöðugri endurskoðun og tekur m.a. mið af niðurstöðum innra og ytra mats ásamt niðurstöðum úr starfsmannasamtölum.

Hver umbótaliður hefur:

Mælanleg markmið (t.d. hlutfall nemenda sem nær viðmiðum; tíðni nemendasjálfsmats; framfarir í lesfimi/lesskilningi; þátttaka foreldra).

Ábyrgð (teymi/ákveðnir aðilar), **tímasetningar** (milli framvinduskýrslu og vors) og **eftirfylgni** (endurmat í BRAVOLesson/Skólapúlsi og kennsluinnlitum).

Árangur er dreginn saman í framvinduskýrslu og lokaskýrslu ár hvert og nýttur til að stilla áherslur næsta skólaárs.

9.8 Tenging við ytra mat

Innra mat styður og undirbyggir ytra mat Menntamálastofnunar/sveitarfélags. Við móttöku ábendinga úr ytra mati er innan fjögurra vikna boðað til rýnihóps; umbótaáætlun er uppfærð og lögð fyrir skólanefnd.

10. Kafli – Samstarf heimilis og skóla



Þrír hópar mynda skólasamfélagið í hverjum skóla, þ.e. börn, starfsfólk skólans og foreldrar. Mikilvægt er að þessir hópar vinni vel saman, upplýsingaflæði sé gott og virðing í mannlegum samskiptum í hávegum höfð. Foreldrar eru velkomnir í Heiðarskóla í góðu samráði við skólann. Þeim stendur til boða að koma í kennslustundir og vera með sínu barni í samkomulagi við umsjónarkennara eða stjórnendur, með það að markmiði að tryggja gott skipulag og farsælt skólastarf. Auk þess er foreldrum boðið sérstaklega að koma í skólann á einstaka viðburði og fundi. Á haustönn eru haldnir haustfundir fyrir foreldra allra árganga, þar sem farið er yfir helstu áherslur skólastarfs og samstarf heimilis og skóla. Foreldrar barna í 1. bekk sitja sérstakan haustfund sem tekur mið af upphafi skólagöngu barnsins. Aðrir haustfundir skiptast eftir stigum, þ.e. yngsta stigi, miðstigi og unglingastigi. Umsjónarkennarar sjá um skipulagningu fundanna.

Upplýsingamiðlun til foreldra fer að öllu jöfnu fram í gegnum tölvupóst. Ef eitthvað kemur upp á er hringt í foreldra eða þeir boðaðir í viðtal. Foreldrar geta líka fylgst vel með námi barna sinna í námsumsjónarkerfi skólans og skólastarfinu á heimasíðu skólans.

Foreldrar gegna lykilhlutverki í námi barna sinna. Mikilvægt er að foreldrar hvetji börn sín á jákvæðan hátt til að takast á við verkefni skólans. Það er einnig mikilvægt að foreldrar upplýsi kennara um mál er geta haft áhrif á líðan barnsins og námsáhuga.

10.1 Skráningakerfi skólans – fjölskylduvefur

Heiðarskóli er með rafrænt skráningarkerfi sem nýtt er fyrir hvers konar rafrænt utanumhald skólans. Skráningarkerfið sem er að mestu nýtt í þetta utanumhald er Mentor. Það er vefkerfi sem gerir nemendum og forráðamönnum kleift að nálgast upplýsingar sem skráðar eru í upplýsingakerfið. Jafnframt nýtir skólinn Microsoft-aðgang (s.s. Microsoft 365) til samskipta, skjalavinnu og kennslutengds samstarfs eftir því sem við á.

10.2 Tölvusamskipti

Stjórnendur og kennarar skólans senda út reglulega tölvupósta í gegnum námsumsjónarkerfi skólans með ýmiskonar upplýsingum er lúta að skólastarfinu, námi nemenda og félagsstarfi.

10.3 Foreldrafélag

Sameiginlegt foreldrafélag er fyrir leik- og grunnskólann. **Hlutverk** foreldrafélagsins er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla.

- **Félagar** í foreldrafélaginu teljast allir forráðamenn nemenda í skólanum.
- **Stjórn** foreldrafélagsins er kosin á aðalfundi félagsins.
- **Skólaráð**: Tveir fulltrúar foreldra eru kosnir í skólaráð, frá hvorri starfsstöð.

10.4 Viðtalsdagar

Tveir formlegir foreldraviðtalsdagar eru á hverju skólaári, annar að hausti í upphafi skólársins og hinn að vori í upphafi vorannar. Báðir dagarnir eru auglýstir á skóladagatali skólans.

10.5 Starfskynningar

Boðið er upp á starfskynnningar fyrir 10. bekkina í lok vorannar. Námsráðgjafi og umsjónarkennarar 10. bekkjar halda utanum starfskynningarnar.

11. Kafli – Samstarf við nærsamfélagið og aðra skóla



11.1 Nærsamfélagið

Heiðarskóli leggur metnað sinn í að rækta tengsl nemenda við nærsamfélag skólans. Formlega gerir hann það með heimsóknnum á sveitabæi, göngu- og vettvangsferðum, skipulögðum haustferðum, metnaðarfullri umhverfisstefnu og grænfánaverkefni.

11.2 Samstarf við framhaldsskóla

Náms- og starfsráðgjafi skólans kynnir framhaldsskóla landsins fyrir nemendum í 10. bekk og fer yfir einingar. Heiðarskóli er í samstarfi við Fjölbrautaskólann á Akranesi og Menntaskólann í Borgarnesi og vor hvert fara nemendur Heiðarskóla á kynningarviðburði í báðum skólunum.

Náms- og starfsráðgjafi lætur nemendur og foreldra vita hvenær opnir dagar eru hjá framhaldsskólum í nágrenninu.

Náms- og starfsráðgjafi upplýsir foreldra og nemendur um umsóknarferli og dagsetningar. Hann kemur jafnframt aðgangsorðum Menntagáttar til nemenda svo þeir geti sótt um nám í framhaldsskóla og fer yfir ferlið með þeim.

Ef mögulegt er fara nemendur Heiðarskóla einnig á kynningu allra framhaldsskóla sem haldin er í Reykjavík og ber yfirheitið „Mín framtíð“.

Nemendum skólans stendur til boða að ljúka grunnskólanámi í einstökum greinum áður en skólagöngu lýkur. Til að svo megi verða þurfa nemendur að sýna einstaka ábyrgð, vinnusemi og útskrifast að lágmarki með einkunnina B í námsgreininni. Í framhaldinu geta þeir stundað fjarnám við framhaldsskóla. Sveitarfélagið styrkir nemendur í fjarnámi með eftirfarandi hætti: „Nemendur í 9. og 10. bekk Heiðarskóla sem lokið hafa námsefni grunnskóla í einni eða fleiri greinum með ágætum árangri, að mati skólans, fá styrk til framhaldsnáms í einni námsgrein hvora önn. Skal styrkurinn nema 100% af innritunargjaldi og 50% af kennslugjaldi. Gjaldskrá FG skal höfð til viðmiðunar.“

Sérkennarar skólans sjá um aðlögun, samskipti, heimsóknir og samstarfsfundir í einstaka tilvikum vegna barna með mjög sértækar þarfir. Þeir sjá jafnframt um að koma nauðsynlegum upplýsingum til viðkomandi framhaldsskóla í samráði við foreldra.

11.3 Samstarf við Tónlistarskóla Akraness

Nemendum Heiðarskóla stendur til boða að stunda tónlistarnám við Tónlistarskóla Akraness í Heiðarskóla á skólatíma. Kennari eða kennarar frá Tónlistarskóla Akraness kenna nemendum í Heiðarskóla. Í samráði við foreldra og umsjónarkennara er þá fundinn heppilegur tími fyrir nemendur til að fara úr kennslustund og stunda tónlistarnám. Undanfarin ár hefur verið kennt á gítar og píanó.

Nemendur Tónlistarskólans á Akranesi koma gjarnan fram á viðburðum á vegum Heiðarskóla, t.d. upplestrarhátíð, skólasetningu, skólaslitum, Fullveldishátíð eða Árshátíð.